

Nd.

248. Breytingartillaga

[107. mál]

við frv. til l. um dýrtíðarráðstafanir vegna atvinnuveganna.

Flm.: Lúðvík Jósefsson.

Á eftir 11. gr. komi ný grein, svo hljóðandi:

Allar útgerðir fiskibáta, sem lög þessi ná til, skulu eiga rétt á erlendum gjald-
eyri, sem nemur helmingi af aflaverðmæti því, sem viðkomandi útgerð hefur aflað
á árinu 1949, miðað við gildandi innanlandsverð aflans.

Gjaldeyrisleyfi samkv. þessu, sem jafnframt eru innflutningsleyfi, skal veita
ársfjórðungslega, miðað við innlagðan afla næsta ársfjórðung á undan.

Heimilt er að hagnýta gjaldeyri þennan til kaupa á hvers konar útgerðar-
nauðsynjum, án þess að til þeirra kaupa þurfi önnur leyfi. Þá er og heimilt að
hagnýta gjaldeyri þennan til innkaupa á öðrum vörum, sem inn má flytja samkv.
gildandi innflutningsáætlun, að fengnu samþykki innflutningsyfirvaldanna. Nánari
reglur um framkvæmd á ákvæðum þessarar greinar má setja í reglugerð, og skulu
samtök útvegsmanna hafa rétt til tillagna um þá reglugerð.